

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Félagaréttur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (30%)
ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)
Félagaréttur (30%).

Prófdagur: 5. nóvember 2014 Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: 4 klst.
Prófblöð vegna þessa hluta prófsins, þ.m.t. forsiða: 3

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfaviðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og líta þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Krossar (12%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Firma felur meðal annars í sér merkinguna lögaðili.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Hluthafafundur getur heimilað félagsstjórn að ákveða útgáfu áskriftarréttinda.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Prókúra er veitt af framkvæmdastjóra.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

4. Hluthafar í hlutafélagi mega fæstir vera tveir.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

5. Óskráð hlutafélag (hf.) getur verið aðili að samningi.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

6. Auka hluthafafundur í hlutafélagi (hf.) skal haldinn að kröfu hluthafa sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins nema samþykktir tilgreini annað.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

7. Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

8. Framkvæmdastjóri í hlutafélagi (hf.) situr stjórnarfundum félagsins nema stjórn ákveði annað.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

9. Hlutafélag (hf.) getur lánað eign sína að veði í þágu stjórnarmanns sem ræður yfir (beint eða óbeint) 50% hlutafjár eða meira.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

10. Stjórn hlutafélags (hf.) er heimilt að setja skilyrði fyrir arðgreiðslu til hluthafa í hlutafélaginu (hf.) að móttakandi arðgreiðslu hafi samþykkt ársreikning félags á aðalfundi.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

11. Óheimilt er að framselja ógreidda hluti í hlutafélagi (hf.).

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

12. Eigandi sameignarfélags getur ekki orðið gjaldþrota nema að sameignarfélagið verði einnig gjaldþrota.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Ritgerð (10,0%)

Fjallið um hæfi framkvæmdastjóra hlutafélags og lýsið hlutverki hans skv. ákvæðum hlutafélagalaga (hf.).

3. Ritgerð (8,0%)

Nefnið ástæður slita (og annarra endaloka) hlutafélaga (hf.) og skýrið í stuttu máli.